



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIMSRÁÐSTEFNA UM ORKUMÁL:
SAMVINNA ÍSLANDS, ABU DHABI OG DJÍBÚTÍS
FORDÆMI FYRIR ÞJÓÐIR HEIMS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í morgun ræðu á opnunarfundi Heimsráðstefnu um framtíð orkumála í Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Forsetinn lýsti hvernig samvinna Íslands og Abu Dhabi gæti vísað öðrum þjóðum veginn í nýtingu hreinnar orku. Á sama hátt væri samvinna Íslands og hins fátæka Afríkuríkis Djíbútís fordæmi um samvinnu smárra ríkja. Fagnaðarefni væri að Abu Dhabi hefði nú áhuga á að styrkja samvinnu Íslands og Djíbútís. Þar með væru þessi þrjú smáu ríki – í Norður Atlantshafi, arabaheiminum og Afríku – að sýna veröldinni hvað hægt væri að gera.

Heimsráðstefnuna um framtíð orkumála í Abu Dhabi sækja um 3.000 þátttakendur víða að úr veröldinni: Þjóðarleiðtogar, ráðherrar, forystumenn í fjármálum og viðskiptalífi, vísindamenn og sérfræðingar.

Í ræðu við setninguna lýsti þjóðarleiðtogi Abu Dhabi, Mohammed bin Zayed Al Nahyan, að landið hefði ákveðið að ráðstafa upphæð sem nemur um 1.000 milljörðum íslenskra króna í verkefni á sviði hreinnar orku. Einnig tilkynnti hann um stofnun Heimsverðlauna í orkumálum sem veita ætti árlega fyrir nýjungar á sviði hreinnar orku. Verðlaunaupphæðin myndi nema árlega jafnvirði um 150 milljóna íslenskra króna.

Í tengslum við Heimsráðstefnuna í Abu Dhabi voru forsetar Íslands og Djíbútís viðstaddir undirritun yfirlýsingar Reykjavík Energy Invest og orkuyfirvalda í Djíbútí og viljayfirlýsingu sem iðnaðarráðherra Íslands, Össur Skarphéðinsson og orkumálaráðherra Djíbútís Mohamed Ali Mohamed undirrituðu.

Með þessum yfirlýsingum er festur í sessi nýr áfangi í samvinnu Íslands og Djíbútís um nýtingu jarðhita í Austur-Afríku. Árangur þess samstarfs gæti gert Djíbútí að forysturíki í Afríku á sviði hreinnar orku.

Í viðræðum forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar og þjóðarleiðtoga Abu Dhabi, Mohammed bin Zayed Al Nahyan, kom fram ríkur áhugi hjá forystusveit Abu Dhabi á að efla samvinnu við Íslendinga einkum í gegnum orkufyrirtækið Masdar sem stofnað var sérstaklega til að styrkja ábyrga framtíðarþróun orkumála. Abu Dhabi hefur ákveðið að verja á næstu árum verulegum fjármunum í orkuverkefni víða um heim og telur tæknilega og þekkingarlega forystu Íslendinga mikils virði.

Fjöldi fulltrúa íslenskra orkufyrirtækja og fjármálastofnana tekur þátt í ráðstefnunni í Abu Dhabi og hafa þeir átt viðræður við fulltrúa fyrirtækja og stofnana sem sækja ráðstefnuna.

Með fréttatilkynningunni fylgir eftirrit af ræðu forseta Íslands en hún var flutt blaðlaust. Heiti hennar er: „Ef við getum gert það – geta aðrir það líka.“

21. janúar 2008

Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og skrifstofa forseta Íslands (540 4400). Myndir frá Heimsráðstefnunni og fundum forseta verða til reiðu á vef forsetaembættisins forseti.is síðar í dag.